

Fjallafang ehf.
Gíslholt
851 Hella

Reykjavík, 13. júní 2023
UST202304-271/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Fjallafangs ehf., dagsett 26. apríl 2023, um leyfi til framkvæmda innan Friðlandsins á Fjallabaki.

Friðlandið að Fjallabaki er friðlýst sem sbr. [auglýsing nr. 354/1979](#). Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan friðlandsins er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að skemma gróður, trufla dýralíf að óþörfu og hrófla við bergmyndunum. Samkvæmt [stjórnunar- og verndaráætlun](#) svæðisins er rekstur hesta einungis heimill á megin reiðleiðum en óheimill á þeim leiðum þar sem aðeins er gert ráð fyrir að farið sé um með einn hest til reiðar. Óheimilt er að beita hestum í friðlandinu. Kvikmyndataka ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan friðlandsins og truflun af þeirra völdum gagnvart öðrum gestum skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun dýralífs, umferðar eða upplifun annarra gesta er háð leyfi Umhverfisstofnunar skv. stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins. Óheimilt er að fljúga fjarstýrðum loftförum (dróna) innan friðlandsins á tímabilinu 15. júní – 15. september nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar skv. stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins. Athafnir sem geta haft áhrif á friðlandið s.s. jarðrask, mengun vegna úrgangs eða fráveitna, áhrif á loftgæði, ásýnd svæðis eða hefur áhrif á umferð og/eða upplifun annara gesta er óheimil nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að sækja efni í námu við Frostastaðarvatn og setja í hestagerði í Landmannalaugum. Um er að ræða 10-15 bílhlöss af mól sem yrðu flutt með litlum vörubíl. Að verkinu kæmu 3 manns og færi framkvæmdinn fram um miðjan júní 2023 eða þegar fært verður inn á svæðið.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur framkvæmdina líklega til að hafa smávægileg neikvæð sjónræn áhrif þegar dökkri mól verður dreift á ljósari líparítmöl. Á móti kemur að framkvæmdin mun efla innviðisvæðisins og bæta aðbúnað hesta í gerðinu. Hætt er við áhrif vegna aksturs inn að efnistökusvæðinu sem og efnistökkunni sjálfri hafi sjónræn áhrif, en þau er hægt að takmarka verulega með góðu frágangi. Stofnunin metur því að framkvæmdin muni ekki hafa neikvæð áhrif á náttúru og verndargildi svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Fjallafang ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdinni innan friðlandsins að Fjallabaki sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið í mánuð frá dagsetningu þessa bréfs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast við efnistöku og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna. Sérstaklega skal gæta þess að öll bílför inn að námunni verði afmáð.
- Skilja skal við efnistökusvæðið þannig að ekki verði þar malarhaugar eða pyttir sýnilegir.
- Ganga skal frá mölinni í hestagerðinni með þeim hætti að ekki er hætt á að hún berist útfyrir gerðið
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal aka gröfu og bifreið sem notuð verður við malarflutinginn að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis við námuna og hestagerðisins. Afmá skal öll hjólför sem liggja að námuni til að tryggja að sjónræn áhrif efnistökuar verði tímabundinn.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. **76.000**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Daníel Freyr Jónsson
sérfræðingur